



Reykjavík, 24. febrúar 2022
HER22020012

Alþingi - nefndasvið
Kirkjustræti
101, Reykjavík
Ísland

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (menntun og eftirlit), 333. mál).


Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis sem barst með tölvupósti dags. 11. febrúar 2022 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um frumvarp um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (menntun og eftirlit), 333. mál.

Almennt telur HER frumvarpið til bóta og markmið þess jákvæð. Tekið hefur verið tillit til athugasemda heilbrigðisnefnda sveitarfélaga varðandi skráningargátt fyrir skráningarskyld fyrirtæki og með 3. gr. frumvarpsins er staðfest að það verði í höndum hlutaðeigandi eftirlitsaðila að staðfesta skráningu og veita leiðbeiningar í stað Umhverfisstofnunar (UST) áður og óþarfa millistig því ekki lengur raunin. Þó er ítrekað það sem áður hefur komið fram í umsögnum HER að skráningarskylda í stað starfsleyfisskyldu er óþarfa flækjustig og minnt á að einfaldast hefði verið að laga viðauka með reglugerð nr. 550/2018 um fyrirtæki sem ekki þurfa að fara í auglýsingaferil eins og margoft hefur verið bent á. Auk þess er ítrekað að sum fyrirtæki munu ef af skráningarskyldu verður varðandi vissa starfsemi geta orðið að hluta til skráningarskyld og eins starfsleyfisskyld.

HER telur að sú viðbót sem gerð er á heimild til álagningu stjórnvaldssekta í 12. gr. frv. sé nauðsynleg og skerpi þetta þvingunarúrræði frekar. HER ítrekar það sem fram hefur komið í fjölda umsagna að eðlilegt væri að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) hefðu sömu heimildir til beitingu stjórnvaldssekta og UST. HER telur að þessi viðbót styrki rök fyrir því að HES fái einnig heimild til að beita stjórnvaldssektum enda standa heilbrigðiseftirlitin frammi fyrir sambærilegum málum og hér er verið að bæta við heimildum vegna, þ.e. tilvikum þar sem ómögulegt er að beita öðrum þvingunarúrræðum þar sem brotið er liðið atvik s.s. skýrsluskil eða skil á mælingum og því koma dagsektir ekki til greina. HES vantar því úrræði til að taka á þessum málum og væru stjórnvaldssektir hentug leið til að taka á þeim.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir um annað í lögum nr. 7/1998 sem HER hefur komið fram með í fyrri umsögnum um lögina né við ofangreint frumvarp þar sem boðað hefur verið heildarendurskoðun á lögnum sem brýnt er að fari af stað sem allra fyrst .

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri